

Fundargerð 22. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga 16. febrúar 2016 kl. 11.00

Dagskrá:

1. Árlegar greinargerðir frá landshlutasamtökum sveitarfélaga.
2. Framlög sveitarfélaga árið 2016 til sóknaráætlana landshluta.
3. Minnisblað um umboð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.
4. Hagkvæmiathugun fyrir Vestmannaeyjabæ.
5. Framlög ríkisins í tengslum við störf norðvesturnefndarinnar.
6. Önnur mál.
7. Kynning á starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Héðinn Unnsteinsson (FOR), Karl Björnsson (sambandinu), Sigurður Guðmundsson (FJR), Stefanía Traustadóttir (IRR), Þórarinn V. Sólmundarson (MMR) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Þá sat fundinn Baldur Sigmundsson, lögfræðingur hjá ANR.

Fjarverandi: Elvar Knútur Valsson (ANR), Inga Birna Einarsdóttir (VEL), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Unnur Orradóttir Ramette (UTN), Þór G. Þórarinsson (VEL) og Björg Björnsdóttir (landshlutasamtökunum)

Fundargerð 21. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Árlegar greinargerðir frá landshlutasamtökum sveitarfélaga

Samkvæmt samningum um sóknaráætlana landshluta skulu landshlutasamtökin skila árlegum greinargerðum um framkvæmd samninganna til stýrihópsins. Skilafrestur í ár var 15. febrúar. Verkefnisstjóri greindi frá því fjögur landshlutasamtök hafi þegar skilað sínum greinargerðum, þ.e. SASS, SSA, SSS og SSV. Tvö landshlutasamtök hafa óskað eftir og fengið frest, annars vegar um tvo daga (FV) og hins vegar um viku (SSNV). Engar upplýsingar hafa borist frá Eyþingi og SSH.

Samkvæmt viðauka við samninga um sóknaráætlana skal stýrihópurinn skila árlega stuttri greinargerð til ráðherra um framkvæmd sóknaráætlana.

2. Framlög sveitarfélaga árið 2016 sóknaráætlana landshluta

Sóknaráætlunarsamningar allra landshluta, utan höfuðborgarsvæðis, kveða á um lágmarks framlög sveitarfélaga á ári og að samningsaðilar skuldbindi sig til að vinna að því að auka ráðstöfunarfé til samningsins á samningstímanum. Verkefnisstjóri dreifði upplýsingum um framlög sveitarfélaga árið 2016 til sóknaráætlunar hvers landshluta. Hjá fimm landshlutasamtökum er um sömu upphæð að ræða og árið 2015, hjá einum hækka framlagið um 45 þúsund og hjá einum hækka það um tæplega 1,6 milljón. Heildarframlag sveitarfélaga í landshlutunum sjö nemur kr. 69.124.000.

3. Minnisblað um umboð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Framhaldið umræðu frá síðasta fundi. Formaður lagði fram ný drög að minnisblaði um umboð stýrihópsins, sem gert er ráð fyrir að ráðherra byggðamála leggi fyrir ríkisstjórn. Óskaði formaðurinn eftir umræðum um drögin.

Í umræðum kom fram að til að geta eftt samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem snúa að byggðamálum, eins og fram kemur í 2. gr. laga nr. 69/2015, um byggðaaætlun og sóknaráætlanir, er mikilvægt að fulltrúar í stýrihópnum hafi aðkomu að málum innan sinna ráðuneyta er snerta byggðamál og umboð til að bregðast við ef þurfa þykir. Tilgangur minnisblaðsins er meðal annars að tryggja þetta umboð. Fram kom tillaga að minnisblaðið fjalli, auk umboðs, um starfshætti stýrihópsins.

Rætt var að kostur væri ef stýrihópurinn hefði tækifæri til að fara yfir stefnuskjöl ráðuneyta í tengslum við framkvæmd nýrra laga um opinber fjármál og að byggðasjónarmið væru tekin inn í mat á áhrifum frumvarpa.

Formaður vinnur ný drög að minnisblaði og sendir til stýrihópsins.

4. Hagkvæmniathugun fyrir Vestmannaeyjabæ

Verkefnisstjóra barst erindi í tölvupósti, dags. 4. febrúar sl., frá Hrafni Sævaldssyni ráðgjafa sem vinnur hagkvæmniathuga fyrir Vestmannaeyjabæ um aðild sveitarfélagsins að Samtökum sveitarfélaga á Suðurlandi (SASS). Í erindinu er meðal annars spurt hvaða vægi Vestmannaeyjabæ hefði á framlög til sóknaráætlunar Suðurlands og hvaða afleiðingar það gæti haft á framlög ríkisins til sóknaráætlunar ef sveitarfélagið myndi segja sig úr SASS.

Stýrihópurinn hafði fengið erindið sent fyrir fundinn, sem og drög að svari. Stýrihópurinn er einhuga um að framlög til sóknaráætlana miðast við landshlutana sem heild, en ekki einstök svæði eða sveitarfélög innan þeirra og að sveitarfélag sem stæði utan við landshlutasamtök hefði ekki aðkomu að úthlutun fjármagnsins, hvorki hvað varðar áhersluverkefni né uppbyggingarsjóðinn.

5. Framlög ríkisins í tengslum við störf norðvesturnefndarinnar

Formaður og fulltrúi fjármála- og efnahagsráðuneytisins greindu frá fundi sem þau áttu nýverið með ritara fjárlaganefndar Alþingis um afgreiðslu nefndarinnar á ákvörðun ríkisstjórnarinnar byggða á tillögum norðvesturnefndarinnar svokölluðu. Í kjölfar fundarins settu þau saman yfirlit yfir verkefni og fjárveitingar til þeirra og dreifðu til stýrihópsins.

Fjárheimildir ársins 2016 nema alls 290 m.kr. og ná til 14 verkefna, þar af eru fjögur verkefni varanleg en níu tímabundin til eins árs og eitt til þriggja ára.

Miklar umræður urðu um málið. Ákveðið að stýrihópurinn ynni minnisblað til upplýsinga um afdrif og umsýslu ákvörðunar ríkisstjórnar um tillögur norðvesturnefndarinnar og hvernig þetta horfir við hópnum.

6. Önnur mál

a) Næsti fundur stýrihóps

Næsti fundur stýrihópsins var ákveðinn þriðjudaginn 8. mars kl. 10.00-12.00.

7. Kynning á starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga

Karl Björnsson kynnti starfsemi Sambands íslenskra sveitarfélaga og gekk með hópnum um húsnaði sambandsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.15.